



Ágrip: Samgöngumat – Grunnur að gerð leiðbeininga

Ólöf Kristjánsdóttir, samgönguverkfræðingur M.Sc. – Mannvit – olof@mannvit.is

Október 2022

Cecilía Þórðardóttir, samgönguverkfræðingur M.Sc. – Velocity Transport Planning.

Skýrsluna verður hægt að nálgast á vefslóðinni: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/>

Verkefnið er unnið af Ólöfu Kristjánsdóttur samgönguverkfræðingi M.Sc. og fagstjóra samgangna hjá Mannviti og Cecilíu Þórðardóttur samgönguverkfræðingi M.Sc. og Associate hjá Velocity Transport Planning í London. Verkefnið er unnið í samráði við Ernu Báru Hreinsdóttur forstöðumann skipulagsdeildar hjá Vegagerðinni og Þorstein R. Hermannsson samgöngustjóra Reykjavíkurborgar. Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborg og Loftslagssjóði. Niðurstöður verkefnisins verða gefnar út í tveimur skjölum. Annars vegar skýrslu „Um gerð samgöngumats við skipulagsgerð – Bakgrunnur“ og hins vegar grunn að gerð leiðbeininga „Samgöngumat – Grunnur að gerð leiðbeininga“.

Verkefnið er framhald af verkefninu „Samgöngumat og sjálfbærni“ sem var unnið fyrir Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar og skýrsla gefin út í apríl 2019. Hugmynd verkefnanna er komin út frá vinnu höfundar við BREEAM Communities sjálfbærnimat skipulagsverkefna. Slíkt hófst árið 2013 á Íslandi með mati á deiliskipulagi Urriðaholts en í dag eru 7 skipulagsverkefni vottuð eða í vottunarferli. Í slíku ferli er krafa um gerð samgöngumats að breskri fyrirmynd.

Samgöngur eru veigamikill þáttur í skipulagi og hafa áhrif á skipulagið og notendur þess um alla framtíð. Auk þess að hafa áhrif á umferðarmagn, umferðaröryggi og hljóðvist, hefur samgönguskipulag áhrif á lýðheilsu og lífsgæði og þar spila vistvænar og virkar samgöngur mikilvægt hlutverk. Stefna um samgöngur í hverju skipulagi hefur áhrif út fyrir skipulagið sjálft í flestum tilvikum. Það hvernig notendum skipulags er uppálagt að haga sínum samgönguvenjum hefur áhrif á aðliggjandi samgöngukerfi og svæði. Þannig getur vöntun á aðstöðu og aðgengi fyrir vistvænar og virkar samgöngur (t.d. göngu, hjólreiðar og almennings-samgöngur) haft þau áhrif að notendur hafa lítið val um annað en notkun bíls, sem hefur áhrif á stærð aðliggjandi samgönguæða og þannig á samgöngukerfið í heild og aðra skipulagsreiti.

Tilgangur leiðbeininga um gerð samgöngumats og ferðavenjuáætlunar er að gera kröfur um ítarlegri samgöngulegar greiningar á öllum ferðamátum og um stefnumörkun og aðgerðir fyrir alla ferðamáta til að bæta sjálfbærni samgangna. Einnig, að gefa skýrari leiðbeiningar um hversu miklar samgöngulegar greiningar eru æskilegar miðað við stærð og umfang skipulagsverkefnis. Í skipulagslögum, kafla IV um gerð og framkvæmd skipulagsáætlana segir: „Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“ Til að uppfylla þessa kröfu varðandi samgöngur í skipulagi er mikilvægt að gera ítarlegar greiningar á umferð allra ferðamáta og bera saman mismunandi valkosti hvað varðar samgöngumáta og -stefnu í skipulagi.

Um gerð samgöngumats við skipulagsgerð – Bakgrunnur

Við vinnslu verkefnisins hefur verið horft til samgöngumats (*Transport Assessment*) og ferðavenjuáætlunar (*Travel Plan*) að breskri fyrirmynd. Í Englandi gefur breska samgönguráðuneytið, Department for Transport (DfT), út leiðbeiningar um gerð ferðavenjuáætlunar og samgöngumats. Slíkt mat og áætlun eru leiðir til að meta og draga úr neikvæðum áhrifum af samgöngum og til að styðja við sjálfbærar samgöngur. Í BREEAM Communities sjálfbærnimatskerfinu er krafa um gerð samgöngumats og ferðavenjuáætlunar, þar sem við



undirbúning skipulagsvinnu, þ.e.a.s. á frumstigi verkefnis, er gerð krafa um samgöngulega greiningu til að samgöngur í skipulaginu byggja á sjálfbærum lausnum eins og kostur er.

Landsskipulag Englands skyldar sveitarfélög og uppbyggingaraðila til að meta áhrif aðal- og deiliskipulags á samgönguinnviði. Samgöngumati er ætlað að tryggja:

- Að staðsetning sé rétt
- Aðgengi að sjálfbærari samgöngum
- Að mótvægisáðgerðir séu tilgreindar.
- Fjárframlög fyrir mótvægisáðgerðir, t.d.:
 - Aukna tíðni almenningssamgangna.
 - Umbætur á gatnamótum.
 - Tengingar við göngu- og hjólaleiðir.

Fjárframlög eru tryggð með S106 og S278 samningum, þar sem:

- S106 samningar koma úr grein 106 í skipulagslögum. Greitt er fjárframlag sem notað er til aukinnar tíðni almenningssamgangna, skóla, heilsugæslu ofl.
- S278 samningar koma úr grein 278 í vegalögum. Framkvæmdaraðilar hanna (í samráði við sveitarfélag) og byggja á eigin kostnað samgönguinnviði eins og ný gatnamót, umbætur á gatnamótum og nýjar tengingar við göngu- og hjólastíga.

Þegar samgöngur eru metnar við skipulagsgerð í Englandi, eru til staðar eftirfarandi gagnagrunnar og kannanir sem eru notaðir:

- TRICS – Ferðatíðni og skipting eftir ferðamátum fyrir hvern landnotkunarflokk eftir staðsetningu.
- Census manntal – Notað m.a. til að meta dreifingu ferða með öllum ferðamátum og bílaeign.
- Public Transport Accessibility Level (PTAL) – Notað í London til að meta aðgengi að almenningssamgöngum og gegnir stóru hlutverki í mati á þéttleika nýrrar byggðar og fjölda bílastæða td.
- TEMPRO – Framtíðaraukning í bílaumferð, byggt á upplýsingum úr aðalskipulögum og áætlunum um bílaeign, hagvöxt, mannfjöldaþróun o.s.frv.
- Active Travel Zone Assessment – Mat á gæðum göngu- og hjólaleiða til helstu þjónustu í nærumhverfi fyrirhugaðar uppbyggingar.

Auk þess sem hönnun er skoðuð með tilliti til ýmissa staðla og leiðbeininga um hönnun vega, gatna og stíga.

Fylgiskjöl samgöngumatskýrslna eru td.:

- Ferðavenjuáætlun sem setur fram markmið um breytingu á ferðamátavali til að minnka ferðir þar sem er einn í bíl.
- Afhendingar- og þjónustuáætlun sem útlistar hvernig skal lágmarka fjölda sendibifreiða og ónæði af þeim.
- Áætlun á framkvæmdartíma sem útlistar hvernig skal lágmarka fjölda bifreiða á framkvæmda tíma og ónæði af þeim.
- Áætlun um stýringu bílastæða (e. Parking management plan) sem setur fram hvernig bílastæðanotkun er stýrt og markmið um fækkun stæða þegar hægt er.

Þetta eru lifandi skjöl sem notuð eru áfram á notkunartíma reitsins og fylgst er með hvort markmiðum er náð eða hvort þau séu á áætlun.

Samgöngumat lýsir hönnun reits og hvernig hún þróast t.a. minnka áhrif af samgöngum, og sýnir:

- Mat á ferðatíðni og skiptingu milli ferðamáta til og frá reit
- Mat á áhrifum af auknum ferðatíma á:
 - Almenningsamgöngur.
 - Gatnakerfi og gatnamót.



- Hermun gatnamóta ef þarf.
- Tillögur að úrbótum ef þarf (sem væru kostaðar að hluta eða öllu leyti af umsækjanda).


Í London eru gerð samgöngumöt sem nefnast Healthy Streets til að auka áherslu á hvernig reitur er hannaður með heilsu fólks í huga. Skoðað hvernig fólk getur gengið, hjólað og notað almenningssamgöngur og hvaða áhrif uppbyggingin hefur á loftgæði, hljóðvist, öryggi o.s.frv.

Samgöngumat – Grunnur að gerð leiðbeininga

Mælt er með að vinna við gerð ferðavenjuáætlunar og samgöngumats hefjist eins snemma og mögulegt er á skipulagsstigi og vinnist jöfnum höndum samhliða skipulagsvinnu þar sem annað getur haft áhrif á hitt. Vinna þarf sérstaka áætlun og mat fyrir hvert svæði þar sem taka þarf tillit til aðstæðna á hverjum stað. Vinna ætti ferðavenjuáætlun og samgöngumat fyrir alla uppbyggingarreiti sem framkalla töluvert magn ferða. Mat á því hvað er töluvert magn ferða þarf að fara fram hjá viðkomandi sveitarfélagi og fyrir hvern uppbyggingarreit fyrir sig. Til dæmis getur verið lægri þröskuldur um hvað telst töluvert magn ferða ef það samgöngukerfi sem er til staðar á umræddu svæði er þegar hlaðið en hærri þröskuldur ef uppbyggingin hefur aðgang að hágæða almenningssamgöngum og innifelur stefnu um fá bílastæði.

Samgöngumatsskýrslu er ætlað að meta áhrif af nýjum uppbyggingarreit á samgöngur í grennd við reitinn. Allar grunnupplýsingar um núverandi aðstæður og uppbyggingarreitinn sem sótt er leyfi fyrir þurfa að koma fram og ítarlega er farið yfir allar nógildandi stefnur innan svæðis- og aðalskipulags og yfir hönnunarleiðbeiningar sem gefnar eru út af sveitarfélögum, Vegagerðinni og öðrum aðilum. Eftirfarandi mynd sýnir það ítrunarferli sem samgöngumati er ætlað að vera. Samgöngumat skal fjalla um eftirfarandi atriði:

- Minnka þörf fyrir ferðir, sérstaklega bílferðir.
- Háþörfun á sjálfbærum samgöngum.
- Að takast á við eftirstandandi bílferðir (residual trips).
- Mótvægisáðgerðir.



Eftirfarandi kaflar eru því settir fram í samgöngumati:

1. Inngangur
2. Núverandi aðstæður
3. Fyrirhuguð uppbygging og áhrif hennar
4. Áðgerðir til að minnka áhrif
5. Tilgreina eftirstandandi áhrif og mótvægisáðgerðir
6. Innleiðing mótvægisáðgerða

Skjalið „Samgöngumat – Grunnur að gerð leiðbeininga“ útlistar svo nánar tillögur að leiðbeiningum um innihald hvers kafla.